



Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri  
Árnesi  
801 Selfoss

Reykjavík, 6. desember 2019

Tilvísun: 201704007 / 3.1

---

## Efni: Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps

---

Skipulagsstofnun hefur borist erindi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 12. nóvember 2019, þar sem óskað er staðfestingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem samþykkt var sveitarstjórn 11. nóvember 2019.

Aðalskipulagið samanstendur af greinargerð, forsendu- og umhverfisskýrslu, sveitarfélagsupprætti í mkv. 1:50.000, þéttbýlisupprættum af Árnesi og Brautarholti í mkv. 1:10.000 og sveitarfélagsupprætti af hálandi-afrétti í mkv. 1:100.000, gögnum síðast breytt 16. september 2019. Á fyrri stigum fylgdi einnig með sérhefti um flokkun landbúnaðarlands, dags. 22. september 2017.

Í erindinu kemur fram að borist hafi 18 athugasemdir á auglýsingatíma tillögu að aðalskipulagi. Með erindinu fylgdu afrit af flestum athugasemdabréfum og svör sveitarfélagsins, með bréfi dags. 8. nóvember 2019. Afrit af athugasemd Landsvirkjunar, Sigurðar Unnars Sigurðssonar og Gunnars Arnar Marteinssonar-Kari Thorkildsen vantaði og þurfa að berast stofnuninni.

Áður en Skipulagsstofnun telur unnt að staðfesta aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps þarf sveitarstjórn að bregðast við eftirfarandi athugasemdu:

### Orkunýtingarsvæði í biðflokk, virkjanir í Þjórsá og tengdar framkvæmdir

Ungir umhverfissinnar gera athugasemd við Árneslón og Heiðarlón í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í svari sveitarfélagsins er vísað til þess að um sé að ræða varúðarsvæði sbr. biðflokk í áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Þá kemur fram að stíflur lónanna verði felldar út og settur texti á uppdrátt um að lónin séu sýnd til skýringar.

Landsvirkjun gerir athugasemd við efnistökusvæði/efnislosun E1 við Heiðarlón með þeirri skýringu að lagfæra þurfi afmörku svæðisins þar sem búið sé að breyta legu-stíflugarðsins vestan Þjórsár og þá hafi efnistökusvæðinu einnig verið breytt. Viðbrögð sveitarfélagsins er að stækka efnistökusvæði E1 úr 50 í 100 ha án frekari skýringa.

Gera þarf skýrari grein fyrir stefnu sveitarfélagsins um virkjanir sem eru í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlunar). Ákvörðun um biðflokk þýðir að skilgreina þarf varúðarsvæði sem nær yfir fyrirhugað virkjunarsvæði og setja skipulagsákvæði um þær takmarkanir sem gilda um framkvæmdir á slíkum svæðum, sbr. 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Ef sveitarfélagið gerir ráð fyrir virkjunum í Þjórsá, þ.e. Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjun, þarf sú stefna að endurspeglast bæði sem stefna í greinargerð (kafli 2.3.7 iðnaðarsvæði) og sem

landnotkun á upprætti með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um flokkun virkjunnarkostsins í rammaáætlun, þegar þar að kemur. Ef mörkuð er stefna um iðnaðarsvæði fyrir virkjun þarf jafnframt að sýna hvar fyrirhugaðar stíflur eru og afmaka fyrirhuguð lón. Í því samhengi á ekki við að merkja fyrirhuguð lón til skýringar nema þar sem þau eru utan marka sveitarfélagsins eins og við Hvammsvirkjun. Gera þarf grein fyrir áhrifum virkjananna á umhverfið. Skýra þarf hvers vegna talin er þörf á að stækka efnistökusvæði E1 úr 50 í 100 ha, lýsa staðháttum eða umhverfisaðstæðum og leggja mat á áhrif stækkunarinnar á umhverfið, m.a. á jarðir og íbúa í grennd við framkvæmdasvæðið. Samhliða þarf að skoða hvort breytingin eftir auglýsingu hvað varðar efnistökuna sé það veruleg breyting á landnotkun að fara þurfi með hana sem sérstaka auglýsta breytingu á aðalskipulagi. Að mati Skipulagsstofnunar er stækkunin það veruleg að umfangi að rökstyðja þurfi ákvörðun um fara ekki með hana sem sérstaka breytingu á aðalskipulagi.

Ef sveitarfélagið tekur ekki afstöðu til virkjunnarkostanna að svo stöddu getur umfjöllunin staðið óbreytt en þá á ekki við að sýna lón, efnistóku og annað sem tengist virkjanafraumkvæmdum á skipulagsuppdráttum undir afmörkun varúðarsvæðis.

### Búrfellsvirkjun og vindorkuver á Hafinu

Landsvirkjun gerir athugasemd við stærð Búrfellsvirkjunar. Upplýsingar um afl Búrfellsvirkjunar eru ekki samhljóða í greinargerð aðalskipulagsins, á bls. 27 segir að Búrfellsvirkjun sé 100 MW og heimilt að stækka hana um 40 MW. Í töflu á bls. 29 kemur fram að heildarafl virkjunarinnar sé 410 MW. Gera þarf grein fyrir samanlöögðu uppsettu afli Búrfellsvirkjunar og fyrirhuguðum stækkunarmöguleikum. Þá þarf að skýra hvað átt er við með að svæðið sé tvískipt sbr. texti í töflu á bls. 29.

Iðnaðarsvæði I19 er 103 ha þar sem í dag eru tvær vindrafstöðvar. Í töflu á bls. 29 segir um svæðið: *Tvær vindmyllur á Hafinu*. Skipulagsstofnun bendir á að ef það er stefna sveitarfélagsins að svæðið verði óbreytt þarf það að koma skýrar fram t.d. með því að setja ákvæði um hæð vindrafstöðvanna eða annað sem endurspeglar núverandi stærð eða framleiðslugetu þeirra. Að óbreyttu er stefnan óljós, svo sem hvort heimilt sé að skipta út núverandi vindrafstöðvum fyrir hærri eða jafnvel fjölda þeim.

### Jarðalög

Umsögn landbúnaðarráðherra (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið) um skipulagsáætlunina þarf að liggja fyrir sbr. ákvæði 6. gr. jarðalaga þar sem segir:

„Óheimilt er að breyta landnotkun á landbúnaðarsvæði sem er 5 hektarar eða stærra, nema leyfi ráðherra liggi fyrir. Við undirbúning á endurskoðun eða breytingu á aðalskipulagi, þegar breyta á landnotkun lands sem skipulagt er sem landbúnaðarsvæði, skal sveitarfélag óska skriflega eftir leyfi ráðherra áður en landnotkun er breytt með breytingu á skipulagi. Ef beiðni um breytingu á landnotkun varðar fleiri en eitt svæði, sem ber að skoða sem eina heild, skal miða við að landsvæðið í heild sé 5 hektarar eða stærra.“

### Vegir í náttúru Íslands

Í athugasemd Skipulagsstofnunar er áréttar að við flokkun vega í náttúru Íslands í vegaskrá þurfi að taka mið af 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018, í byggð og á hálandinu. Gera þarf grein fyrir flokkuninni á korti og í greinargerð. Hafa þurfi samráð um vegaskrána, við þá umsagnaraðila sem tilgreindir eru í reglugerðinni og bent á að vegaskráin sé háð samþykki Umhverfisstofnunar á friðlýstum svæðum. Sambærileg athugasemd kemur frá Umhverfisstofnun en þar er jafnframt bent á að skýringaruppráttur 6 um flokkun vega samræmist ekki friðlýsingarskilmálum Þjórsárvera. Óskað er eftir að fá uppfærða vegaskrá í samræmi við reglugerðina. Í svari sveitarfélagsins kemur fram að vegir verði flokkið skv. 4. gr. reglugerðarinnar á skipulagstímabilinu, að flokkun slóða í

Þjórsárverum verði leiðrétt á skýringaruppdrætti og að haft verði samráð við Umhverfisstofnun þegar vegaskráin liggi fyrir.

Í greinargerð aðalskipulagsins segir á bls. 68 að sveitarfélagið hafi flokkað veki á hálendinu, í samræmi við 32. gr. náttúruverndarliga, þar sem umferð vélknúinna ökutækja sé heimil eða takmörkuð. Fram kemur að flokkun vega sé sýnd á skýringaruppdrætti nr. 6 og vegir í friðlandi í Þjórsárverum séu sýndir skv. friðlýsingarskilmálum, sveitarfélagið vilji draga úr akstri í friðlandinu og takmarka umferð um hluta slóðanna. Í greinargerðinni er jafnframta tafla yfir landsvegi á hálendinu, sem eru fjórir, þar sem gert er ráð fyrir lágmarksviðhaldi til að draga úr hættu á utanvegaakstri. Á sveitarfélagsuppdrætti af hálendi eru sýndir landsvegir og slóðar.

Í friðlýsingarskilmálum fyrir Þjórsárver eru vegir sýndir og flokkaðir annars vegar í veki með vegnúmer og hins vegar veki af gerð F1, F2 og F3. Vegaskrá sveitarfélagsins um veki í náttúru Íslands þarf með sama hætti að sýna flokkun vega á hálendinu, ekki bara innan friðlýsta svæðisins, og jafnframta þarf að skilgreina heimild til notkunar, þ.e. hvaða vegir eru opnir almenningi og hverjir þeirra eru háðir takmörkunum um umferð svo sem árstíðabundið eða vegna tiltekinnar notkunar. Skipulagsstofnun telur mikils virði að vegir á hálendinu utan þjóðvegakerfisins séu flokkaðir skv. náttúruverndarlögum og reglugerð um veki í náttúru Íslands og skilað til Skipulagsstofnunar samhliða nýju aðalskipulagi. Ljúka þarf vinnunni við flokkunina og bera hana undir Umhverfisstofnun til samþykktar. Vegaskráin þarf að fylgja með aðalskipulagsgögnum til staðfestingar og jafnframta þarf að senda stofnuninni rafræna skrá, sbr. ákvæði reglugerðar.

Á skipulagstímabilinu verði síðan hafist handa við að skrá veki í byggð með sama hætti.

### Skógræktarsvæði

Laga þarf misræmi eða óskýrleika um stærð samfelldra skógræktarsvæði sem þarf að afmarka sem landgræðslu- og skógræktarsvæði. Annars vegar segir á bls. 18 að svæði 199 ha og stærri skuli afmarka sérstaklega en á bls. 19 segir að skógrækt undir 10 ha sé heimil á landbúnaðarlandi í flokki III og IV en stærri skógræktarsvæði skulu skilgreind sem skógræktar og landgræðsluslusvæði. Hvort gildir að afmarka þurfi og þá jafnframta breyta aðalskipulagi fyrir ný svæði sem eru yfir 10 ha eða yfir 199 ha?

Bent er á að skógræktarflákarnir fara yfir hæðarlínur á skipulagsuppdrættinum.

### Línur og litir á uppdrætti

Línutákn fyrir svæði undir náttúrvá (flóðasvæði) eru rauð lína og því er óheppilegt að línutákn fyrir jarðamörk séu sami litur og línbreyidd. Jarðamörk eru eingöngu til skýringar á skipulagsuppdráttum en þó nauðsynlegar upplýsingar en betur færi á að breyta lit þeirra til aðgreiningar frá náttúrvá.

  
Hafdís Hafliðadóttir

  
Birna Björk Árnadóttir